

**Ed.**

**64. Frumvarp til laga**

[61. mál]

um breyting á lögum nr. 6/1971, um Hótel- og veitingaskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi 1974.)

**1. gr.**

**2. gr. laganna orðist svo:**

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Ráðherra skipar sex manna skólanefnd. Skulu fimm nefndarmenn skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna samtaka:

Einn eftir tilnefningu Sambands veitinga- og gistihúsaeygenda.

Einn eftir tilnefningu Félags framreiðslumanna.

Einn eftir tilnefningu Félags matreiðslumanna.

Einn eftir tilnefningu Matsveinafélags Sjómannasambands Íslands,

og skulu þeir allir skipaðir til fjögurra ára í senn.

Einn skal skipaður til eins árs í senn, eftir tilnefningu Félags matreiðslu- og framreiðslunema í Hótel- og veitingaskóla Íslands.

Hinn sjötta skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður skólanefndar.

Ef atkvæði í skólanefnd verða jöfn, sker atkvæði formanns úr um afgreiðslu þess máls, sem um ræðir hverju sinni.

Skólastjóri hefur á hendi daglega stjórn skólans og fjárreiður hans.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhljóða frv. var lagt fyrir 94. löggjafarþing, en varð eigi útrætt. Fylgdi því svofelld greinargerð:

„Með frumvarpi þessu er lagt til, að nemendur fái aðild að skólanefnd Hótel- og veitingaskóla Íslands. Hafa nemendur látið í ljós ósk um það. Ráðuneytið álitur þessa stefnu eðlilega og mun einnig athuga um breytingar í þessa átt við aðra skóla, þar sem nemendur eiga ekki nú þegar svipaða aðild.“